

## AUGLÝSING

### um búsvæðavernd í Skerjafirði innan bæjarmarka Kópavogs.

#### 1. gr.

##### *Um friðlýsinguna.*

Umhverfisráðherra hefur ákveðið í samræmi við Náttúruverndaráætlun 2009-2013 og með samþykki Kópavogsbæjar að friðlýsa hluta Skerjafjarðar sem er innan bæjarmarka Kópavogs með fjörum ásamt grunnsævi. Friðlýst eru tvö svæði, annars vegar í Kópavogi (39 ha) og hins vegar í Fossvogi (23,6 ha), alls um 62,6 ha svæði sem mikilvæg búsvæði fugla skv. 3. tl. 53. gr. og 54. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Skerjafjarðarsvæðið í heild hefur alþjóðlegt verndargildi vegna farfuglategunda, svo sem rauðbrystings og margæsar en þar er að finna lífríkar þangfjörur, leirur og grunnsævi sem skapa undirstöðu fyrir afar fjölbreytt fuglalíf allan ársins hring. Einnig er svæðið mikilvægt vegna marhálms og sjávarfitjungs sem hafa takmarkaða útbreiðslu hér á landi, en marhálmur er ein aðal fæða margæsar. Í Fossvogi og Kópavogi er stór hluti af leirum á Skerjafjarðarsvæðinu.

Fræðslugildi svæðisins er hátt með tilliti til lífríkis og aðgengi að svæðinu er gott. Strandlengjan er vinsæl til útivistar og í Fossvogi eru iðkaðar siglingar og annað sjósport.

Við ákvörðun um friðlýsinguna var höfð hliðsjón af samningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979, sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993), samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Río de Janeró 1992, sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995) og samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971, sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978). Einnig voru ýmis lög og reglugerðir á Íslandi höfð til hliðsjónar s.s. lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004, lög um varnir gegn mengun sjávar nr. 32/1986 og reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

#### 2. gr.

##### *Markmið friðlýsingarinnar.*

Markmiðið með friðlýsingu Skerjafjarðar er að vernda lífríki við ströndina, í fjöru og á grunnsævi, einkum og sér í lagi með tilliti til fugla. Jafnframt er það markmið að vernda útivistar- og fræðslugildi svæðisins sem felst í líffræðilegri fjölbreytni og samrýmist verndun búsvæða fugla.

#### 3. gr.

##### *Mörk hins friðlýsta svæðis.*

Verndarsvæðið sem hér er lýst er hluti af friðun Skerjafjarðar. Friðlýsingin tekur til tveggja svæða frá bæjarmörkum Kópavogsbæjar og grunnsveitarfélaganna Garðabæjar, Sveitarfélagsins Álftaness og Reykjavíkurborgar yfir strönd, fjöru, grunnsævi og sjávarbotn. Efri mörk verndarsvæðanna liggja við land og fjörumörk norðan og sunnan megin Kársness.

Mörk svæðanna eru nánar skilgreind í hnitatöflum og á meðfylgjandi uppdrætti í fylgiskjali og er heildarflatarmál þeirra 62,6 ha.

#### Hnitaskrá - Kópavogur

Nr.	X	Y
1	- 20899.9950	13249.9970
2	- 22000.0030	13540.0000
3	- 22800.0000	13540.0000
4	- 22494.6834	13970.1326

## Hnitaskrá – Fossvogur

Nr.	X	Y
5	- 21704.6763	14627.2266
6	- 21704.6763	14920.0000
7	- 20849.9950	14920.0000
8	- 20698.3323	14770.3396

## 4. gr.

*Umsjón með verndarsvæðinu o.fl.*

Umsjón og rekstur verndarsvæðisins skal vera í höndum Kópavogsbæjar og Náttúrufræðistofu Kópavogs í samræmi við samning bæjarfélagsins og Umhverfisstofnunar. Í samningnum, sem umhverfisráðherra staðfestir, skal m.a. kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila, framkvæmdir, landvörslu og fræðslu.

## 5. gr.

*Umferð á verndarsvæðinu.*

Almenningi er heimil för um hið friðlýsta svæði og er öllum skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið.

Lausaganga hunda er óheimil á svæðinu.

Eigendum og umráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma t.d. með því að hengja bjöllu á kettina og eftir atvikum takmarka útiveru þeirra skv. samþykkt um kattahald í Kópavogi.

Umferð vélknúinna vatnatækja s.s. sjókatta, er óheimil innan svæðisins. Almenn umferð smábáta er heimil eins og verið hefur eftir hefðbundnum siglingaleiðum.

## 6. gr.

*Verndun gróðurs og dýralífs.*

Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf af ásetningi á verndarsvæðinu hvort heldur er í fjöru, í sjó eða á hafsbotni. Vernda skal náttúrulegt gróðurfar og skapa skilyrði fyrir náttúrulega endurnýjun staðargróðurs með það að markmiði að standa vörð um líffræðilega fjölbreytni svæðisins.

Óheimilt er að sleppa, dreifa eða rækta framandi lífverur á verndarsvæðinu, sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, nr. 583/2000, og lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra. Óheimilt er að stunda fiskeldi eða annað eldi sjávardýra innan verndarsvæðisins.

## 7. gr.

*Verndar- og stjórnunaráætlun og vöktun.*

Umhverfisstofnun í samstarfi við Kópavogsbæ og Náttúrufræðistofu Kópavogs skal sjá um gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir verndarsvæðið sbr. d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Náttúrufræðistofa Kópavogs vaktar náttúru svæðisins og lífríki þess og gefur Umhverfisstofnun og Kópavogsbæ ábendingar um aðsteðjandi hættur og/eða um nauðsynlegar framkvæmdir í þágu verndar.

## 8. gr.

*Landnotkun og mannvirkjagerð.*

Jarðrask í fjöru eða á leirum og hafsbotni og önnur mannvirkjagerð er háð leyfi Kópavogsbæjar og skal vera í samræmi við staðfest skipulag. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda á verndarsvæðinu þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Þó eru, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun, heimilar nauðsynlegar aðgerðir til verndunar, náttúruskoðunar og umhverfisfræðslu sem m.a. geta falist í uppsetningu

fræðsluskilta og annars búnaðar í þágu útivistar þar sem því verður við komið í samræmi við skipulag.

Framkvæmdir svo sem vegna viðhalds á varnargörðum, bakkavörnum og fráveita eru heimilar. Jafnframt verði heimilt að viðhalda dýpi í og við höfnina á norðurströnd Kársness og innsiglingu hennar.

Í verndaráætlun er nánari útfærsla á heimiluðum framkvæmdum vegna viðhalds og framkvæmda í þágu útivistar og fræðslu innan verndarsvæðisins.

9. gr.

*Veidi og notkun skotvopna.*

Notkun skotvopna er bönnuð á svæðinu nema til eyðingar á dýrum sem valda tjóni en ætíð í samræmi við verndaráætlun og lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

Friðlýsing þessi takmarkar ekki möguleika til sjálfbærra fiskveiða á verndarsvæðinu enda valdi slíkt ekki raski á búsvæðum eða fuglalífi.

10. gr.

*Refsiákvæði.*

Brot gegn friðlýsingu þessari varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

11. gr.

*Gildistaka.*

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 30. janúar 2012.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

---

*Guðríður Þorvarðardóttir.*

**Fylgiskjal.**

**Búsuvæðavernd í Skerjafjörði innan bæjarmarka Kópavogs.**

